

**2243. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudagur 29. október 2020 og hófst kl. 16:00. Fundurinn fór fram með fjarfundarbúnaði.**

---

**Mættir:** Guðni Bergsson formaður, Gísli Gíslason varaformaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Ásgeir Ásgeirsson, Haraldur Haraldsson, Ingi Sigurðsson, Magnús Gylfason, Ragnhildur Skúladóttir, Valgeir Sigurðsson og Þorsteinn Gunnarsson.

**Mættur framkvæmdastjóri:** Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

**Mættur mótastjóri:** Birkir Sveinsson tók sæti á fundinum þegar dagskrárliður 4 kom til umræðu.

---

Þetta var gert:

- 1 Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt á rafrænan hátt á milli funda af öllum stjórnarmönnum sambandsins.
- 2 Eftirtaldar fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar:
  - 2.1 Landsliðsnefnd karla 24. ágúst 2020
  - 2.2 Landsliðsnefnd karla 1. október 2020
  - 2.3 Landsliðsnefnd karla 17. október 2020
  - 2.4 Dómaranefnd 16. september 2020
  - 2.5 Starfshópur um útbreiðslumál 7. október 2020
  - 2.6 Fjárhagsnefnd 27. maí 2020
  - 2.7 Fjárhagsnefnd 22. október 2020
  - 2.8 Mótanefnd 19. október 2020
  - 2.9 Laga-og leikreglnanefnd 28. október 2020
- 3 Fjármál
  - 3.1 Guðni Bergsson formaður greindi frá störfum starfshóps um fjármál sem skipaður er fulltrúum KSÍ og ÍTF. Enn er töluverð óvissa um afkomu ársins, m.a. þar sem mikill kostnaður bætist við í verkefnum vegna sóttvarnaráðstafana.
  - 3.2 Guðni Bergsson formaður upplýsti stjórn um þá vinnu sem er í gangi hjá ÍSÍ og Ríkinu vegna frekari styrkja til íþróttahreyfingarinnar.
  - 3.3 Guðni Bergsson formaður greindi frá stöðunni í viðræðum við bakhjarla KSÍ vegna endurnýjunar samninga.
  - 3.4 Guðni Bergsson formaður greindi frá viðræðum sínum við Reykjavíkurborg vegna endurskoðunar samnings um rekstur Laugardalsvallar.
  - 3.5 Borghildur Sigurðardóttir formaður fjárhags-og endurskoðunarnefndar ræddi um óvissu um afkomu ársins og fjárhagsstöðu aðildarféлага. Þá ræddi hún um mikilvægi þess að það væri sendur út sameiginlegur póstur KSÍ og ÍTF til aðildarféлага um málið. Haraldur Haraldsson tók undir þessi sjónarmið.

*Birkir Sveinsson mótastjóri KSÍ tók sæti á fundinum.*

**4 Mótamál**

- 4.1 Guðni Bergsson opnaði umræðuna og ræddi um takmarkanir á íþróttastarfi. Von er á nýrri reglugerð heilbrigðisráðherra á allra næstu dögum.

- 4.2 Valgeir Sigurðsson formaður mótanefndar kynnti tillögu nefndarinnar um að fresta keppni í futsal sem fram hefur farið í nóvember undanfarin ár. 16 lið karla og 4 lið kvenna eru skráð til leiks í Futsal.
- 4.3 Valgeir Sigurðsson formaður mótanefndar kynnti tillögu nefndarinnar varðandi niðurstöðu móta í yngri flokkum og eldri flokki þar sem keppni var hætt. *Stjórn KSÍ samþykkti að fela mótanefnd KSÍ að ákvarða sigurvegara í deildum/riðlum eins og við á og að reglugerðir KSÍ um knattspyrnumót og reglugerð KSÍ um viðmiðanir og sértækar ráðstafnir vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar (grein 5) verði hafðar til hliðsjónar.*
- 4.4 Valgeir Sigurðsson formaður mótanefndar greindi frá fundi mótanefndar í gær. Birkir Sveinsson mótastjóri KSÍ tók við og kynnti möglegar sviðsmyndir fyrir stjórn sambandsins.

*Birkir Sveinsson mótastjóri KSÍ yfirlit fundinn.*

Stjórnarfolk ræddi ýtarlega um þá stöðu sem upp er komin. Stjórn sammála um að nauðsyn þess að bíða eftir formlegum upplýsingum áður en lengra er haldið. Boðað verður til framhaldsfundar um leið og frekari gögn liggja fyrir.

---

## 5 Leyfismál/reglugerðir.

- 5.1 Tillaga að breytingu á leyfisreglugerð KSÍ. Annars vegar er um að ræða tillögur að breytingum vegna innleiðingar á leyfiskerfi fyrir efstu deild kvenna líkt og samþykkt var á ársþingi KSÍ 2020. Hins vegar er um að ræða tillögur að breytingum vegna heildarendurskoðunar UEFA á leyfiskerfi KSÍ sumarið 2019. Laga-og leikreglanefnd hefur fundað vegna þessa tillagna og telur þörf á meiri tíma til að rýna málið betur. Dagskrárlið var því frestað.
- 5.2 Tillaga að breytingu á reglugerð um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Tillögur að breytingum er varða félagaskiptatímabil í reglugerðinni liggja fyrir. Félagaskiptatímabil (félagaskiptagluggar) fyrir árið 2021 hafa auk þess verið tilkynnt til FIFA. Árið 2021 verða félagaskipti heimil frá 18. febrúar til 12. maí annars vegar og 29. júní til 29. júlí hins vegar. Lögfræðingur KSÍ hefur þegar kynnt málið fyrir framkvæmdastjóra ÍTF. *Stjórn samþykkti tillöguna:*

Reglugerð um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga – Félagaskiptatímabil.

*Lögð er til eftirfarandi breyting á skilgreiningu hugtaksins „félagaskiptatímabil“:*

10. *Félagaskiptatímabil: ~~Tímabilin 21. febrúar – 15. maí annars vegar og 1. júlí – 31. júlí hins vegar. Þau tvö tímabil innan hvers árs þar sem félagaskipti leikmanna á milli félaga eru heimil.~~*

*Lögð er til eftirfarandi breyting á grein 3.5.:*

- 3.5. Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem gefið er út að loknu keppnistímabili og tekur gildi við **upphaf næsta félagaskiptatímabils 21. febrúar** hefur heimild til að taka þátt í héraðsmótum, Íslandsmóti innanhúss (Futsal) og deildarþíkarkeppni KSÍ (Lengjubikarnum ) með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.

*Lögð er til eftirfarandi breyting á grein 10.1.2.:*

- 10.1.2. Leikmaður getur aðeins gengið til liðs við íslenskt félagslið á **skilgreindum félagaskiptatímabilum ár hvert. inu 21. febrúar – 15. maí ár hvert, eða á tímabilinu 1. – 31. júlí. Skilgreind félagaskiptatímabil skulu vera**

tvö á hverju ári. Það fyrra skal venjulega hefjast eftir lok keppnistímabils og vera lokið fyrir eða við upphaf þess næsta. Fyrra félagaskiptatímabilið skal ekki ná yfir lengri tíma en 12 vikur. Síðara félagaskiptatímabilið skal venjulega hefjast um mitt keppnistímabil og skal ekki ná yfir lengri tíma en fjórar vikur. Félagaskiptatímabilin tvö skulu vera ákveðin af stjórn KSÍ eigi síðar en í októbermánuði ársins á undan. ~~Leikmaður getur þó aðeins einu sinni skipt um félag innanlands eftir að hafa leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu nema þegar um er að ræða félagaskipti leikmanns í 4. aldursflokki eða yngri sbr. grein 10.1.4.~~

Lögð er til eftirfarandi breyting á grein 10.1.3.:

- 10.1.3. Á öðrum tímabilum eru félagaskipti ekki heimil nema fyrir ósanningsbundna leikmenn í yngri aldursflokki (innanlands og á milli landa). Félagaskipti ósanningsbundinna leikmanna yngri aldursflokka eru óheimil frá lokum síðara félagaskiptatímabils ár hvert og fram til loka mótahalds KSÍ í yngri aldursflokki sama ár.

Breyting á bráðabirgðaákvæði 10.1.3.1.:

10.1.3.1. Innlend félagaskipti ósanningsbundinna leikmanna í yngri flokki árið 2020 skulu vera heimil frá 22. febrúar til 17. apríl og á tímabilinu 18. maí til 1. september. Innlend félagaskipti ósanningsbundinna leikmanna yngri flokka skulu vera heimil að nýju frá og með 30. október 2020.

Lögð er til eftirfarandi breyting á grein 16.3.:

- 16.3. Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er á milli tveggja félagaskiptatímabila. Leikmaður sem hefur fengið tímabundin félagaskipti með lokadagsetningu eftir lok síðara félagaskiptatímabils ár hvert ~~frá og með 1. ágúst~~ fær útgefið keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju eftir lok keppnistímabils 16. október sama ár og tekur gildi við upphaf næsta félagaskiptatímabils. Hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera 12 mánuðir en lokadagsetning skal eigi vera síðar en 15. október. Í slíku tilfelli skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Tilkynning um tímabundin félagaskipti jafngildir tilkynningu um félagaskipti bæði við upphaf láns og í lok lánstíma.

Lögð er til eftirfarandi breyting á grein 19.6.:

- 19.6. Félagaskipti samningsbundinna leikmanna til landsins eru aðeins heimil á skilgreindum félagaskiptatímabilum ~~inu 21. febrúar—15. maí ár hvert og á tímabilinu 1.—31. júlí.~~

---

## 6 Dómaramál

6.1 Stjórn KSÍ samþykkti tillögu dómaranefndar KSÍ um tilnefningar á FIFA listann 2021.

## 7 Landsliðsmál

7.1 Magnús Gylfason formaður landsliðsnefndar A karla fór yfir undirbúning A landsliðs karla fyrir nóvembergluggann, en framundan er úrslitaleikur um sæti á EM 2021 og tveir leikir í Þjóðadeild UEFA.

7.2 Borghildur Sigurðardóttir formaður landsliðsnefndar A kvenna fór yfir leikinn gegn Svíþjóð 27. október og komandi leiki. Undirbúningur liðsins (leikmanna hér á landi) er áhyggjuefni. Sama gildir um leikmenn A karla og U21 karla sem leika með íslenskum félagsliðum.

7.3 Gísli Gíslason formaður landsliðsnefndar U21 karla fór yfir undirbúning liðsins fyrir leikina í nóvember. Framundan er heimaleikur við Ítalíu og útileikir gegn Írum og Armenum.

## 8 Laugardalsvöllur/nýr þjóðarleikvangur

8.1 Guðni Bergsson formaður KSÍ fór yfir stöðuna varðandi nýjan þjóðarleikvang.

## 9 Önnur mál

9.1 Stjórn KSÍ samþykkti tillögu ÍBV um veitingu heiðursmerkja til þriggja sjálfboðaliða sem starfað hafa lengi innan félagsins.

9.2 Stjórn KSÍ tók fyrir erindi frá Val þar sem óskað var eftir fjárstuðningi vegna þátttöku í félagsins í Meistaradeild kvenna. Stjórn KSÍ samþykkti að óska eftir frekari gögnum frá Val um kostnað vegna þátttökunnar.

9.3 Ragnhildur Skúladóttir spurði um formanna-og framkvæmdastjórafund. Formaður og framkvæmdastjóri voru til svara og upplýstu stjórn um að þetta mál væri í biðstöðu þangað til að framhaldið í mótamálum verði skýrara. Líklega verður þessi fundur rafrænn í ár. Þá upplýsti framkvæmdastjóri að undirbúningur ýmissa sviðsmynnda fyrir ársþing væri hafin, í ljósi þess að mögulegar verða ennþá einhverjar samkomutakmarkanir.

Boðað verður til framhaldsfundar með stjórn, varamönnum og fulltrúum landsfjórðunga um leið og upplýsingar liggja fyrir um takmarkanir á samkomum.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi frestað kl. 17:45.

-----

**Framhald 2243. fundar stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn föstudaginn 30. október 2020 og hófst kl. 15:30. Fundurinn fór fram með fjarfundarbúnaði.**

---

**Mættir:** Guðni Bergsson formaður, Gísli Gíslason varaformaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Ásgeir Ásgeirsson, Haraldur Haraldsson, Ingi Sigurðsson, Magnús Gylfason, Ragnhildur Skúladóttir, Valgeir Sigurðsson og Þorsteinn Gunnarsson.

**Mættir varamenn:** Þóroddur Hjaltalín, Guðjón Bjarni Hálfðánarson og Jóhann K. Torfason.

**Mættir fulltrúar landshluta:** Jakob Skúlason (VL/yfirtak fundinn kl. 17:15), Björn Friðþjófsson (NL) og Bjarni Ólafur Birkisson (AL).

**Fjarverandi:** Tómas Þóroddsson landshlutafulltrúi Suðurlands.

**Mættur framkvæmdastjóri:** Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

---

Þetta var gert:

Fram var haldið umræðu um dagskrárlið 4, mótamál.

- Guðni Bergsson formaður KSÍ opnaði fundinn og fór yfir aðdraganda fundar. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum munu þær takmarkanir sem taka gildi 31. október gilda til 17. nóvember 2020.
- Valgeir Sigurðsson formaður mótanefndar tók við. Mótanefnd KSÍ fundaði fyrir í dag, og var lögð fyrir fund stjórnar fundargerð 22. fundar mótanefndar dagsett 30. október 2020. Er það mat mótanefndar KSÍ að ekki séu lengur umtalsverðar lýkur á því að hægt sé að ljúka mótum meistaraflokka keppnistímabilsins 2020 þann 1. desember.

- Rætt um þau sjónarmið sem hafa heyrst varðandi framhald mótahalds og hvort hægt væri að finna aðrar lausnir, til dæmis að leika einstaka leiki eða klára einstakar deildir. Það er mat mótanefndar að aðrar lausnir séu ekki staðar.
  - Rætt um reglugerð KSÍ um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónaveiru (Covid-19).
  - Stjórnarfolk skiptist á skoðunum og fram fór ýtarleg umræða um málið.
  - Stjórn þakkar mótanefnd fyrir vel unnin störf á tímabilinu, þá þakkaði stjórn einnig starfsmönnum skrifstofu KSÍ fyrir vel unnin störf.
  - Umræða um lög KSÍ og reglugerðir og þau ákvæði sem málinu tengjast.
  - Umræða um ákvæði varðandi sæti í Evrópukeppnum.
  - Lagt fram erindi frá KR varðandi málið.
- Stjórn KSÍ samþykkti samhljóða eftirfarandi bókun. Einnig lýstu varamenn í stjórn KSÍ og þeir fulltrúar landsfjórðunga sem voru mættir stuðningi sínum við bókunina.

*Í ljósi hertra sóttvarnarreglna, sem banna íþróttastarf á Íslandi a.m.k. til 17. nóvember nk. og að fenginni tillögu mótanefndar, verður ekki séð að unnt sé að halda keppni áfram á Íslandsmótum í knattspyrnu árið 2020. Stjórn KSÍ samþykkir því að hætta keppni í Íslandsmótum og bikarkeppni KSÍ 2020, sem fyrirhugað var að ljúka fyrir lok nóvember.*

*Ákvörðun þessi er stjórninni þungbær en nauðsynleg með heildarhagsmuni knattspyrnuhreyfingarinnar í huga. Í reglugerð sem stjórn KSÍ setti í júlí sl. er kveðið á um hvernig haga skuli málum ef ekki verður unnt að ljúka keppni innan framlengds keppnistímabils. Það er samdóma álit stjórnar KSÍ og mótanefndar að ekki séu fyrir hendi forsendur til að halda keppni áfram í ljósi stöðu mála. Það byggist m.a. á eftirfarandi:*

- a) Ekki eru lengur fyrir hendi umtalsverðar líkur á því að unnt sé að ljúka mótahaldi fyrir 1. desember með ásættanlegum hætti.*
- b) Sú mikla röskun sem hefur orðið á mótahaldi síðustu vikur og bann við æfingum liða á höfuðborgarsvæðinu leiðir af sér að gera verður ráð fyrir undirbúningstíma liðanna ef æfingar og keppni verða á ný heimilaðar um miðjan nóvember. Þetta takmarkar enn frekar þann tíma sem unnt væri að nýta sem leikdaga. Einnig verður að hafa í huga í því sambandi heilsu og velferð leikmanna.*
- c) Hertar sóttvarnarreglur og lýðheilsusjónarmið mæla því mót að unnt verði með einhverri vissu að halda keppni áfram út nóvembermánuð – ef slíkt verður á annað borð heimilað.*

*Yfirstandandi keppnistímabil hefur verið afar óvenjulegt eins og flest annað í samfélaginu. Upphafi tímabilsins seinkaði verulega og í tvígang hefur þurft að gera hlé á keppni. Þessi framgangur hefur reynt mjög á alla knattspyrnuhreyfinguna - félögin og forsvarsmenn þeirra, leikmenn, dómara, þjálfara, starfsmenn, sjálfboðaliða, skipuleggjendur móta og allt áhugafólk um íslenska knattspyrnu. Þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður hefur tekist að ljúka um 80% af leikjum efstu deildar karla og um 90% af leikjum annarra deilda, en 4. deild karla og meira hluta leikja í yngri flokkum náðist að ljúka. Það er árangur í sjálfu sér og ber að þakka öllum þeim sem lagt hafa á sig mikla vinnu til þess að ná því marki.*

*Reglugerð KSÍ um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónaveiru gerir ráð fyrir því að Íslandsmeistarar og deildarmeistarar fyrir keppnistímabilið 2020 verði krýndir, enda hafa 2/3 hlutar leikja allra deildarkeppna verið leiknir. Í reglugerðinni er einnig tilgreint að náist ekki að ljúka keppni í bikarkeppni karla, en Íslandsmóti lýkur samkvæmt grein 5.1.1. í*

reglugerðinni þá leiki liðið í 4. sæti efstu deildar Íslandsmóts í Evrópukeppni árið 2021. Ákvæði 5. greinar reglugerðarinnar og greinar 6.2. taka því gildi frá og með deginum í dag. Mótslok með þessum hætti er neyðarviðbragð í ljósi sóttvarnareglna og ástandsins í samfélaginu. KSÍ ítrekar þakkir til allra sem lagt hafa á sig ómælda vinnu til þess að halda mótum ársins gangandi við óvenjulegar og krefjandi aðstæður.

Stjórn KSÍ minnir á að íslensk íþróttafélög hafa orðið fyrir verulegu fjárhagstjóni sem óhjákvæmilegt er að koma frekar til móts við en gert hefur verið og jafn brýnt er að styðja félögin til þess að snúa við því félagslega tjóni sem orðið hefur með brottfalli iðkenda. Því er skorað á stjórnvöld og sveitarfélög að leggjast á árarnar með íþróttahreyfingunni í því skyni að tryggja það öflugna íþrótt- og æskulýðsstarf sem þar er unnið og viðunandi rekstrarforsendur félögunna.

Það er von okkar að við náum árangri í þeirri baráttu sem er framundan. Starfið heldur áfram og verkefni næstu vikna og mánaða eru mörg og ærin. Meðal þess sem þarf að finna farveg er hin gríðarlega mikilvæga starfsemi yngri flokkanna. Ungir iðkendur þurfa stöðugleika og reglusemi. Krakkarnir treysta á að geta stundað æfingar hjá sínum félögum, þar sem þau styrkja líkamlega og andlega heilsu sína og félagsfærni við æfingar og leik með sínum liðsfélögum.

Við erum sterkust þegar við sýnum liðsheild. Stöndum saman á þessum erfiðu tímum!

- Stjórn KSÍ staðfesti niðurstöðu í deildum í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar:

#### Pepsi Max deild karla

Félag	Mörk	Nettó	Meðalfjöldi stiga
1 Valur	50 - 17	33	2,44
2 FH	37 - 23	14	2,00
3 Stjarnan	27 - 20	7	1,82
4 Breiðablik	37 - 27	10	1,72
5 KR	30 - 21	9	1,65
6 Fylkir	27 - 30	-3	1,56
7 KA	20 - 21	-1	1,17
8 ÍA	39 - 43	-4	1,17
9 HK	29 - 36	-7	1,11
10 Víkingur R.	25 - 30	-5	0,94
11 Grótta	15 - 43	-28	0,44
12 Fjölnir	15 - 40	-25	0,33

#### Íslandsmót - 2. deild karla

Félag	Mörk	Nettó	Meðalfjöldi stiga
1 Kórðrengrir	45 - 13	32	2,30
2 Selfoss	36 - 25	11	2,15
3 Þróttur V.	39 - 19	20	2,05
4 Njarðvík	39 - 26	13	2,00
5 Haukar	43 - 28	15	1,80
6 KF	33 - 39	-6	1,30
7 Kári	33 - 31	2	1,25
8 Fjarðabyggð	30 - 36	-6	1,20
9 ÍR	31 - 39	-8	0,95
10 Völsungur	25 - 49	-24	0,85
11 Víðir	24 - 52	-28	0,80
12 Dalvík/Reynir	25 - 46	-21	0,55

#### Lengjudeild karla

Félag	Mörk	Nettó	Meðalfjöldi stiga
1 Keflavík	57 - 27	30	2,26
2 Leiknir R.	50 - 22	28	2,10
3 Fram	41 - 24	17	2,10
4 Grindavík	40 - 31	9	1,68
5 Þór	37 - 35	2	1,55
6 ÍBV	33 - 27	6	1,50
7 Vestri	29 - 28	1	1,45
8 Afturelding	37 - 33	4	1,25
9 Víkingur Ö.	26 - 44	-18	0,95
10 Þróttur R.	15 - 39	-24	0,60
11 Magni	22 - 47	-25	0,60
12 Leiknir F.	19 - 49	-30	0,60

#### Íslandsmót - 3. deild karla

Félag	Mörk	Nettó	Meðalfjöldi stiga
1 KV	62 - 30	32	2,30
2 Reynir S.	62 - 41	21	2,10
3 KFG	39 - 33	6	1,55
4 Augnablik	42 - 39	3	1,50
5 Sindri	37 - 42	-5	1,47
6 Elliði	36 - 40	-4	1,25
7 Tindastóll	39 - 46	-7	1,25
8 Ægir	34 - 39	-5	1,20
9 Einherji	39 - 53	-14	1,15
10 Höttur/Huginn	29 - 35	-6	1,05
11 Vængir Júpifers	24 - 36	-12	1,00
12 Álftanes	32 - 41	-9	0,95

**Pepsi Max deild kvenna**

Félag	Mörk	Nettó	Meðalfjöldi stiga
1 Breiðablik	66 - 3	63	2,80
2 Valur	43 - 11	32	2,50
3 Fylkir	22 - 29	-7	1,40
4 Selfoss	24 - 20	4	1,38
5 Þróttur R.	28 - 34	-6	1,13
6 Stjarnan	25 - 34	-9	1,13
7 Þór/KA	20 - 37	-17	1,13
8 ÍBV	16 - 39	-23	1,06
9 FH	19 - 35	-16	1,00
10 KR	15 - 36	-21	0,71

**2. deild kvenna**

Félag	Mörk	Nettó	Meðalfjöldi stiga
1 Grindavík	37 - 11	26	2,20
2 HK	49 - 14	35	2,19
3 Fjarðab/Höttur/Lei	35 - 22	13	2,07
4 Álftanes	24 - 32	-8	1,64
5 Hamrarnir	18 - 24	-6	1,29
6 Hamar	20 - 36	-16	0,93
7 Fram	28 - 47	-19	0,87
8 Sindri	19 - 33	-14	0,79
9 ÍR	25 - 36	-11	0,67

**Lengjudeild kvenna**

Félag	Mörk	Nettó	Meðalfjöldi stiga
1 Tindastóll	50 - 7	43	2,71
2 Keflavík	45 - 16	29	2,47
3 Haukar	27 - 18	9	1,88
4 Afturelding	26 - 22	4	1,65
5 Augnablik	27 - 30	-3	1,41
6 Grótta	24 - 33	-9	1,18
7 Víkingur R.	22 - 31	-9	1,12
8 ÍA	24 - 31	-7	0,88
9 Fjölnir	10 - 35	-25	0,41
10 Völsungur	12 - 44	-32	0,29

Áður en fundi var slitið var fundargerðin var send út til staðfestingar.

Eftirtaldir stjórnarmenn staðfestu fundargerðina með rafrænum hætti:

- Guðni Bergsson, formaður
- Gísli Gíslason, varaformaður
- Borghildur Siguðardóttir, varaformaður
- Ásgeir Ásgeirsson
- Haraldur Haraldsson
- Ingi Sigurðsson
- Magnús Gylfason
- Ragnhildur Skúladóttir
- Valgeir Sigurðsson
- Þorsteinn Gunnarsson

Varamenn í stjórn og landshlutafulltrúar í stjórn gerðu ekki athugasemd við fundargerðina.

Fleira var ekki bókað og var fundi slitið kl. 17:30